



Sértæk starfsleyfisskilyrði fyrir spennistöðvar þar sem spennar innihalda yfir 2.000 lítra af olíu

Starfsleyfisskilyrðin eru gefin út af Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir rekstur stórra spennistöðva þar sem spennar innihalda yfir 2.000 lítra af spennadolíu. Skilyrði þessi má einnig nýta sem stuðningsskjal fyrir minni spennistöðvar á vatnsverndarsvæðum þar sem almennt gilda einungis almenn varúðarsjónarmið. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber rekstraraðila að fylgja, eftir því sem við á, ákvæðum í meðfylgjandi almennum starfsleyfisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi. Ef misræmi er á kröfum milli almennra skilyrðanna og þessara, þá gilda þessi skilyrði framar í þeim tilfellum.
Komi nýr aðili að rekstrinum þarf um sækja um nýtt starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að nýr rekstraraðili hafi tekið við rekstrinum.
- 1.2 Starfsleyfisskilyrðin ná til ofangreindrar starfsemi enda sé hún í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og gildandi skipulag. Heilbrigðisnefnd hefur heimild til að setja ítarlegri skilyrði ef aðstæður krefja eða breytast. Ef rekstraraðili er með annan starfsleyfis- eða skráningarskyldan rekstur gilda um hann viðeigandi starfsleyfis- eða starfsskilyrði.
- 1.3 Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Rekstraraðili skal nota bestu fánlegu tækni (BAT) við reksturinn hafi hún verið skilgreind fyrir starfseminni og nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir).
- 1.4 Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir, eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni, skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfisins sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja, skv 18. gr. reglugerðarinnar.
- 1.5 Ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja beitt ákvæðum XII. kafla reglugerðar nr. 550/2018, til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga. Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja er þannig heimilt að veita tilhlýðilegan frest til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir sinni hann ekki tilmælum embættisins. Jafnframt er Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja heimilt að stöðva eða takmarka starfsemi rekstraraðila sé um að ræða ítrekuð brot eða alvarlegt tilvik.

2. MENGUNARVARNIR

- 2.1 Gengið skal þannig frá spennum að ekki sé hætt á mengun jarðvegs, grunnvatns eða yfirborðsvatns.
- 2.2 Spennar sem standa utandyra skulu staðsettir í olíuheldri þró sem tekur að minnsta kosti við rúmmáli þess spennis sem er með mesta olíu. Allar tengingar við spenna skulu lagðar yfir ystu þróarveggi og skal svæðið afgirt traustri girðingu.
- 2.3 Spennar sem eru innanhúss skulu vera í lokuðu og lekaheldu rými án niðurfalls. Gæta skal þess að olía berist ekki í frárennsli.
- 2.4 Ef vatn í spennaþró inniheldur yfir 5 hlutum í milljón (ppm) af olíu getur það valdið mengun. Olíumengað vatn skal flutt og fargað í samræmi við ákvæði laga og reglugerða af viðurkenndum aðilum sem hafa gilt starfsleyfi. Verklag við förgun á vatni úr spennaþró skal vera með samþykki heilbrigðisnefndar.
- 2.5 Þegar þörf er á viðgerð aflspennis skal taka sýni af spennaolíu til greiningar á PCB og umhverfisskaðlegum staðgengilsefnum þeirra, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 739/2009, sé innihald olíunnar ekki þekkt eða ef ekki liggur fyrir eldri greining á spennaolíunni. Flutningsaðili 1000 lítra af spennaolíu, eða meira, og flutningsaðilar sem flytja spennaolíu eða búnað sem inniheldur PCB eða umhverfisskaðleg staðgengilsefni þeirra skulu hafa réttindi til að flytja hættulegan farm.
- 2.6 Rekstraraðili skal skrá allan úrgang sem til fellur við starfsemina, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 1040/2016 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Stuðla skal að nýtingu endurnýtanlegs hluta úrgangs.
- 2.7 Úrgangsolíu, annan úrgang, sorp og umbúðir skal endurvinna eða skila á viðurkennda móttökustöð fyrir úrgang. Spilliefnum skal skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.
- 2.8 Búnaður og efni, t.d. ídræg efni (uppburrkunarefni) til hreinsunar á olíu sem kann að leka út eða misfarast, skal vera aðgengilegur á starfstöðinni.
- 2.9 Tilkynna skal til eftirlitsaðila ef spennaolía hefur borist út í umhverfið og skal þar koma fram áætlað magn, ástandslýsing og viðbrögð. Tilkynning skal berast eins fljótt og kostur er frá því að leki uppgötvast. Fari niður meiri olía en svo að starfsmenn ráða við að fjarlægja skal gera slökkviliði viðvart um neyðarsíma 112.

3. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

- 3.1 Rekstraraðili skal hafa innra eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal eftirfarandi í rekstrarhandbók og skulu skráningar ávallt vera aðgengilegar Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja.:
 - a) Fjöldi rafspenna, tegund og magn einangrunarolíu og rýrnun.
 - b) Fjöldi háspennurofa, tegund og magn gróðurhúsalofttegunda/ósoneyðandi efna og rýrnun.
 - c) Atvik er varða mengunarvarnir rekstraraðila, s.s. rekstur og viðhald á mengunarvarnabúnaði, bilanir, mengunaróhöpp og kvartanir m.t.t. umhverfismála.
 - d) Notkun, flutningur og förgun spilliefna, sbr. reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.
 - e) Mælt magn eða losun olíusora og sands í olíuskiljum, olíuþró og roþró við reglulegt eftirlit, dagsetningar tæminga, magn og nafn dæluaðila.

Í rekstrarhandbók á starfstöðinni skal einnig vera tiltækt afrit af lóðarblaði, staðsetningu geyma, spenna, lagna og lekavarna, annars mengunarvarnabúnaðs og viðbragðsáætlun.

- 3.2 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l) og flokkun og gerð úrgangs. Samskonar upplýsingar skulu fylgja öðrum úrgangi. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit hjá rekstraraðila.

4. ÖNNUR ÁKVÆÐI OG GJALDSKYLDA

- 4.1 Gildistími starfsleyfis er tilgreindur á starfsleyfisskjali eða sértækum starfsleyfisskilyrðum og í samræmi við fundargerðir heilbrigðisnefndar.
- 4.2 Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum varaafstöðvarinnar og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við þennan aðila utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur.
- 4.3 Rekstraraðili greiðir árlegt eftirlitsgjald í samræmi við gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja eins og hún er hverju sinni sem og önnur gjöld svo sem kostnað við sýnatöku, auka eftirlitsferðir eða annan tilfallandi kostnað vegna aðkomu embættisins að starfseminni.

5. LÖG OG REGLUGERÐIR

Ákvæði um eftirlit, upplýsingagjöf, skráningar, ábyrgðir og þvingunarúrræði er að finna í eftirfarandi lögum og reglugerðum sem eiga helst við um starfsemina. Önnur lög eða reglugerðir kunna einnig að eiga við.

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.
- Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.
- Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni.
- Efnalög nr. 61/2013
- Reglugerð nr. 739/2009 um hreinsun og förgun PCB og staðgengilsefna þess.
- Reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.
- Reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna.
- Reglugerð nr. 803/2023 um meðhöndlun úrgangs.
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.
- Reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs
- Reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.
- Reglugerð nr. 1450/2025 um fráveitur og skólphreinsun.
- Reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.
- Reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.